

Skýrsla stjórnar SKÍ 2017 – 2019

Á Skíðáþingi 2017 var kosin ný stjórn til tveggja ára. Hana skipuðu:

- Einar Þór Bjarnason sem kosinn var formaður
- Ögmundur Knútsson varaformaður
- Dagbjartur Halldórsson gjaldkeri
- Kristján Hauksson ritari
- Snorri Páll Guðbjörnsson - Formaður alpagreinanevndar
- Friðbjörn Benediktsson – Formaður snjóþrettanevndar
- Einar Ólafsson - Formaður skíðagöngunevndar

Sem varamenn stjórnar voru þau kosin:

- Arnfríður Arnardóttir
- Guðmundur Guðjónsson
- Kári Elíasson

Á kjörtímabilinu störfuðu nefndir eins og til þeirra hafði verið kosið eða þær skipaðar.

Á starfstímabilinu hélt stjórnin 16 fundir sem voru ýmist haldnir á Akureyri, í Reykjavík eða notast við fjarfundarbúnað. Meiri áhersla var á fundi með fjarfundarbúnaði vegna kostnaðar við ferðalög stjórnarmanna og tókst það með ágætum. Þannig dró verulega úr kostnaði vegna funda. Ljóst er að þetta verður megin fundarformið á næstunni þó hefðbundnir fundir verða alltaf að vera einnig og hefur verið reynt að tengja þá við aðra viðburði sambandsins.

Í upphafi tímabilsins voru erindisbréf fyrir allar nefndir SKÍ yfirfarin og gefin út á nýtt en með þeim voru lagðar fram starfsreglur nefndanna. Einnig fór stjórn yfir áherslur sínar fyrir tímabilið sem snerust um frekari styrkingu innviða og að gera sambandið hæft til þess að verða A-samband hjá Afrekssjóði ÍSÍ. Stór verkefni sem fylgdu þesessu sneru að þjálfun og fræðslu, verkferlum á skrifstofu, mönnun skrifstofu og endurskoðun afrekstefnu SKÍ sem grunn að frekari breytingum afrekstarfs. Hófst sú vinna strax á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

Formlegri vinnu við afrekstefnu hófst haustið 2017 er Andri Stefánsson sviðstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ kom á formannafund og kynnti nýja tilhögun ÍSÍ um afreksmál og þörf aðildarfélaga ÍSÍ að móta afrekstefnu. Á fundinum var undirbúningur að afrekstefnu SKÍ hafin með hópvinnu þar sem settar voru fram spurningar til að leggja grunn að vinnu við afrekstefnu SKÍ. Unnið var í mótun stefnunnar um veturinn í samráði við fagnefndir SKÍ. Um vorið 2018 voru komin drög að afrekstefnu sem stjórn ákvað að vinna áfram með. Fyrsta skrefið í innleiða þessa stefnu var ráðning afrekstjóra SKÍ sem gengið var frá sumarið 2018. Eitt af fyrstu verkum afrekstjóra var fullmótun stefnunnar sem kynnt var á formannafundi haust 2018 og rædd þar. Að formannafundi loknum var stefnan fullmótuð og kynnt stjórn í desember 2018 og svo endanlega samþykkt af henni í janúar 2019. Þegar er farið að vinna eftir stefnunni í starfsáætlun nefnda fyrir veturinn 2019/20.

Fulltrúar SKÍ sóttu skipulögð FIS þing / fundi á tímabilinu:

- 2017, vorfundur FIS, Portoroz, Slóvenía – Þrír fulltrúar
- 2017, þróunarfundur FIS, Brussel, Belgía – Tveir fulltrúar
- 2017, haustfundur FIS, Zurich, Sviss – Fjórir fulltrúar
- 2018, skíðáþing FIS, Costa Navarino, Grikkland – Tveir fulltrúar
- 2018, haustfundur FIS, Zurich, Sviss – Sex fulltrúar

Í lok síðasta tímabils var vinna hafin við uppfærslu á fræðsluefni SKÍ, þá aðallega þjálfaramenntunina. Ákveðið var að byggja upp ný þjálfaranámskeið í öllum þremur greinunum sem ásamt því að skilgreina þörf á hvaða stigum menntunarinnar SKÍ myndi standa fyrir og hversu reglulega.

- Í alpagreinum var fenginn aðili frá Bandaríkjunum, Stephen Helfenbein, til að vinna námsefni í samstarfi við SKÍ. Á tímabilinu var klárað að gera námsefni fyrir fyrstu tvö stigin og staðið fyrir tveimur námskeiðum á fyrsta stigi og einu á öðru stigi. Hins vegar þurfti að aflýsa tveimur námskeiðum af þessum þremur þar sem ekki náðist næg þátttaka og er það umhugsunarvert.
- Í skíðagöngu var Ólafur Björnsson, frá Akureyri, fenginn til að vinna námsefni í samstarfi við norska skíðasambandið, en notast var við námsefni frá þeim. Á tímabilinu var klárað að gera námsefni fyrsta fyrsta stig ásamt því að halda vel heppnað námskeið á því stigi. Vinna við námsefni á öðru stigi er á lokametrunum og mun klárast í sumar. Stefnt er á námskeið á öðru stigi næsta vetur.
- Í snjóbrettum var hafið samstarf við sænskan aðila og haldið námskeið á fyrsta stigi í fyrsta skipti veturinn 2017-18. Námskeiðið gekk mjög vel en þátttaka hefði getað verið betri. Á haustmánuðum 2018 var ákveðið að halda ekki áfram þessu samstarfi þar sem kostnaður var of hár. Í vetur hefur verið farið í vinnu við að finna annan aðila í þjálfaramenntunarmálin en þeirri vinnu er ekki lokið.

Þeir Daníel Jakobsson og Einar Ólafsson hlutu réttindi sem alþjóðlegir eftirlitsemenn í skíðagöngu 2018. Þar með á SKÍ tvo alþjóðlega FIS eftirlitsemenn bæði í alpagreinum og skíðagöngu, en fyrir eru þeir Einar Þór Bjarnason og Smári Kristinsson eftirlitsemenn í alpagreinum.

Sem fyrr hélt stjórnin fundi með forráðamönnum aðildarfélaga í hverjum landsfjórðungi haustið eftir Skíðaðing. Skipti stjórnin með sér heimsóknum til aðildarfélaga og var fundað í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og á Egilstöðum. Það hefur sýnt sig að þessir fundir eru mjög gagnlegir til miðlunar upplýsinga og til að bæði stjórn sambandsins svo og forráðamenn aðildarfélaganna geti skipst á skoðunum og hugmyndum.

Afreksstarf var í öllum greinum. Valin voru landslið og tóku þau þátt í flestum stærstu mótum sem í boði eru. Uppúr stendur þátttaka skíðamanna á Ólympíuleikunum í PyongChang í Suður Kóreu 2018 en þangað sendi sambandið fimm keppendur, þrjá í skíðagöngu og tvo í alpagreinum. Á tímabilinu stendur upp úr árangur Snorra Einarssonar á Heimsmeistaramótinu í Seefeld í Austurríki þegar hann varð í 18.sæti í 50 km göngu, aðeins nokkrum sekúndum á eftir 3.sætinu. Snorri keppti annars bæði tímabilin í heimsbikar og náði í heimsbikarstig. Eins vakti eftirtekt árangur snjóbrettamanna sem náðu nokkrum sinnum í efstu 15 sætin í evrópubikar og Baldur Vilhelmsson endaði í 4.sæti á EYOF. Nánar er greint frá starfsemi og árangri liðsmanna í skýrslum fagnefnda.

Skíðamenn ársins 2018 og 2019 voru valin þau Snorri Einarsson og Freydís Halla Einarsdóttir og þar með tilnefnd til Íþróttamanns ársins.

Fjáröflun sambandsins hefur gengið mis vel. Sambandið nýtur góðs af opinberlegum styrkjum í gegnum ÍSÍ og ber þar hæst að nefna lottó og afrekssjóð ÍSÍ. Ríkið ákvað að auka tekjur til afrekssjóðs til muna og tók SKÍ virkan þátt í að móta nýjar vinnureglur afrekssjóð. FIS styrkurinn er okkur mikilvægur og fengum við okkar stærstu úthlutun frá upphafi en sökum styrkingu íslensku krónunnar varð mun minna úr styrknum miðað við undanfarin ár.

66°Norður og Icelandair hafa verið okkur traustir samstarfsaðilar og hefur sambandið mikinn hag af því sambandi. Raunar má segja að þeir séu ómetanlegir fyrir starfsemina. Endingagóður, lipur og smekklegur fatnaður er nauðsynlegur í erfiðri útivistariþrótt og þar munar miklu um að hafa innlendan samstarfsaðila. Styrktarsamningur Icelandair með yfirviktarmeild fyrir liðsmenn landsliða er eins gullsgildi enda ferðast liðsmenn með gríðarlegt magn af farangri. Því miður hefur Icelandair tilkynnt að þeir vilji slíta samstarfinu og færa það í almennann ÍSÍ samning sem er okkur ekki nærri því eins hagfelldur. Okkur hefur tekist að framlengja samninginn munnlega í tvö tímabil en nú taka við nýjar

viðræður. Flugfélag Íslands sagði ennfremur upp sérsamningi við sambandið og færði allt undir ÍSÍ samninginn þ.a. liðsmenn okkar eru ekki lengur með neina yfirviktarmeild innanlands. Vodafone kom inn sem styrktaraðili árið 2015 og hefur það samstarf gengið vel. Erfiðlega gengur að afla nýrra stærri styrktarsamninga. Þó var ánægjulegt að það tókst að semja við einn nýjan styrktaraðila á tímabilinu en það var sænska sólarvörnin EVY sem hefur m.a. sérhæft sig í sólarvörn fyrir íþróttamenn erfiðum aðstæðum. Hefur verið ánægjulegt að sjá að þeir hafa hampað samstarfinu við sambandið í sínum auglýsingum. Á hverju ári erum við í samtarfi við fjölda fyrirtækja mun minni styrki sem skiptir sambandið miklu máli og erum við þakklát fyrir þeirra framlag.

Þær breytingar voru gerðar á lögum sambandsins að hægt er að taka fyrir reglugerðarbreytingar á ársfundi og formannafundi. Í ljósi reynslunnar af ársfundi ákvað stjórnin að auka vægi fundar að hausti og boðaði til Haustfundur sem sameinaði formannafund og ársfund. Fundurinn var í fyrsta sinn haldinn í Reykjavík 4-5 okt 2018 og heppnaðist mjög vel.

Starfsmannahald skrifstofa hefur breyst á tímabilinu. Vorið 2017 var Sigurgeir Halldórsson ráðinn í fullt starf á skrifstofunni. Fyrr um veturinn var hann í hlutastarfi hjá sambandinu og stóð sig vel. Hans verksvið var fyrst og fremst fræðslu- og mótamál. Í kjölfari breytinga hjá afrekssjóði ÍSÍ tók stjórn ákvörðun um að ráða inn afrekstjóra í fullt starf sumarið 2018. Sigurgeir flutti erlendis haustið 2018 og fór í hálf starf í kjölfarið. Sturla Höskuldsson var ráðinn í starf afrekstjóra og hóf hann störf 1.október 2018. Er þetta stórt skref í átt að skilvirkara og betra afrekstarfi hjá sambandinu.

Stjórn hefur skoðað um nokkurn tíma þátttöku í Alþjóðlega skíðaskotfimisambandinu. Þegar er vísir að uppsetningu skotbakka á Akureyri og Ísafirði og er það talið að þessi íþrótt geti stutt vel við bæði gönguskíðaíþróttina ásamt því að styðja við sumarundirbúning gönguskíðamanna. Eftir samtöl við helstu forráðamenn IBU á heimsmeistaramóti þess í Svíþjóð, ákvað stjórnin að sækja formlega um aðild að sambandinu og er umsóknaferlið komið í gang.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum, nefndarmönnum, framkvæmdastjóra, landsliðsþjálfurum og skíðahreyfingunni fyrir ánægjulegt samstarf á þessu tímabili.

F.h. stjórnar SKÍ
Einar Þór Bjarnason